



Langanesbyggð

92. sveitarstjórnarfundur Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 21. nóvember 2013 og hófst kl 17:30

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Gunnólfur Lárusson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð og svo var ekki.

Óskað eftir því að liður „11. Breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027“ verði tekinn út og settur á dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar.

DAGSKRÁ:

- 1. Fundargerð Sveitarstjórnar nr. 91.**
Lögð fram til kynningar
- 2. Fundargerð Fræðslunefndar dagsett 5.11. 2013**
Lögð fram til kynningar
- 3. Fundargerð Stjórnar Vers dagsett 4.11. 2013**
Lögð fram til kynningar
- 4. Fundargerð aðalfundar samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dagsett 4. 10.2013**
Lögð fram til kynningar
Kynnt að það kemur sérfræðingur í varmadælum í heimsókn í Langanesbyggð fyrir áramót til að skoða aðstæður og leggja mat á hvaða möguleikar eru í stöðunni varðandi varmadælur.
- 5. Stuðningsbeiðni við Snorra verkefnið dagsett 4.11.2013**
Sveitarstjóri leggur til að því verði hafnað.
Samþykkt samhljóða.
- 6. Bréf frá Jöfnunarsjóði vegna tónlistarskólakennslu dagsett 5.11.2013**
Lagt fram til kynningar.
Sækja þarf um frest til að svara þessu. Þessu þarf að koma á framfæri við foreldra í Langanesbyggð með því að auglýsa á vefnum, senda á skólastjórnendur og á kennara tónlistaskólans.
- 7. Þekkingarnet Þingeyinga samstarfssamingur**
Sveitarstjóri leggur til að hann verði samþykktur og gert ráð fyrir honum í næstu fjárhagsáætlun.
Samþykkt samhljóða.



Langanesbyggð

8. Sértaekur byggðarkvóti á Bakkafjörð staðfesting frá Byggðastofnun

Lagt fram til kynningar.

Ólafur kynnti málið fyrir sveitarstjórnarmönnum og hvernig það verður unnið áfram.

Úgerðaráætlun þarf að skila inn til Byggðarstofnunar fyrir mánaðarmót.

Fundur vegna sértæks Byggðarkvóta á Bakkafirði verður haldinn á Bakkafirði í kvöld í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

9. Gjaldskrá Grunn- og leikskóla Langanesbyggðar 2014

Þar er lögð til hækkun á skólamáltíð þann 1. janúar 2014 úr 470 kr/máltíðin í 500 kr/máltíðin fyrir nemendur í grunnskólum Langanesbyggðar og hver máltíð hækki úr 750 kr/máltíðin í 780 kr/máltíðin fyrir aðra en nemendur í grunnskólum í Langanesbyggð.

Önnur gjöld í gjaldskrá grunn- og leikskóla Langanesbyggðar verða þau sömu fyrir árið 2014 og þau voru fyrir árið 2013

Samþykkt samhljóða.

10. Álagning gjalda 2014 gjaldsskrá Langanesbyggðar

Lagt til að álagning gjalda fyrir árið 2014 verði sú sama og árið 2013 nema sorphirðugjöldin verði hækkuð vegna aukins kostnaðar á urðun í Langanesbyggð.

Urðunarkostnaður hefur aukist verulega vegna lokunar á urðunarstaðnum á Bakkafirði og vegna aukins kostnaðar vegna aksturs og urðunarkostnaðar á Vopnafirði.

1. Gjaldskrá fasteignagjalda

- Fasteignaskattur A - Íbúðarhúsnæði og bújarðir eru 0,625% af heildarálagningarstofni.
 - Fasteignaskattur B - Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttarhús og bókasöfn eru 1,32 % af heildarálagningarstofni.
 - Fasteignaskattur C - Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði eru 1,65% af heildarálagningarstofni.
- Samþykkt samhljóða

2. Lóðarleiga

- Lóðarleiga A - lóðarleiga er 1,5% af fasteignamati lóða fyrir íbúðarhús.
 - Lóðarleiga B - lóðarleiga er 2,5% af fasteignamati lóða fyrir atvinnuhúsnæði og opinberra bygginga.
- Samþykkt samhljóða

3. Vatnsgjald

- A - Vatnsgjald er 0,30% af heildarálagningarstofni.
 - B - Aukavatnsgjald er kr. 34 pr. m³ vatns.
- Samþykkt samhljóða

4. Fráveitugjald

- Fráveitugjald er 0,225% af heildarálagningarstofni.
- Samþykkt samhljóða

5. Sorphreinsunargjöld

- Sorphreinsunargjald heimila kr. 20.000,- á íbúð.
 - Sorpeyðingargjald heimila kr. 20.000,- á íbúð.
- Samþykkt samhljóða.



Langanesbyggð

Fjöldi gjalddaga er almennt 8, sá fyrsti 1. febrúar og sá síðasti 1. september. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 20.000 þá er einung einn gjalddagi 1. febrúar

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldi eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

Undanþáguákvæði og afslættir vegna álagninga gjald 2014 standa óbreytt frá árinu 2013.

11. Leikskólabygging staða verkefni og næstu skref

Fundir í gangi hjá byggingarnefnd um leikskólabyggingu. Sveitarstjóri leggur til að sveitarstjórn verði sendar allar fundargerðir nefndarinnar til þessa til upplýsinga. Fyrirhugaðir eru 2 fundir í næstu viku.

12. Skýrsla sveitarstjóra

a.) Lækjarvegur 3

Þar er verið að fara yfir viðhaldspörf og verið að áætla kostnað vegna þessa. Þar er bæði verið að horfa á styttri tíma viðhalds og langtíma viðhalds. Húsið er illa farið. Þakið er ónýtt og ef vel á að vera þarf að klæða húsið að utan. Sveitarstjóri mun senda lista á sveitarstjórn þegar hann er klár.

b.) Félagsmiðstöðin Svarthol

Verið að leggja lokahönd á endurbætur á félagsmiðstöðina. Íprótta- og tómstundanevnd ásamt foreldrum hafa lagt fram mikla vinnu í sjálfböðavinnu. Þá lögðu Kristján Úlfarsson og Guðjón Gamalíelsson gólfefnið endurgjaldslaust. Öllum sem hafa komið að þessum endurbótum eru færðar bestu þakkir fyrir.

13. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók

Fleira ekki gert. Fundargerð samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 19:00